



FRAMKVÆMDARÁÐ SSA

Fundur nr. 3 2013 – 2014

Fundargerð

Þriðjudaginn 7. janúar 2014 var haldinn fundur í framkvæmdaráði SSA.
Fundarstaður: Fróðleiksmolinn, Reyðarfirði

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Gauti Jóhannesson.
Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson fulltrúi sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú, sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

Dagskrá :

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 811. fundar. Samþykkt var að óska eftir því við Gauti Jóhannesson fulltrúi í stjórn Skólaskrifstofur Austurlands að hann taki Pisa – skýrsluna til umræðu á næsta fundi Skólaskrifstofunnar með niðurstöður Austurlands í huga. Þá var samþykkt að fulltrúi sveitarstjórnarmála skoði þau verkefni sem fyrirhugað er að flytja frá innanríkisráðuneytinu til sýslumannsembættanna sbr. Lið 20. Í fundargerðinni. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- b) Stjórnar SASS, 475. fundar. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- c) Stjórnar SSV dags. 18. desember 2013. Fundargerðin lögð fram til kynningar

2. Umsagnir um frumvörp/þingsályktunartillögu:

- a) Um mótnun heilstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum, 195. Mál. Samþykkt að nýta ekki umsagnarréttinn.
- b) Um breytingar á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Samþykkt að taka undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 23. desember sl. um frumvarpsdrögin.

3. Menningarsamningur Austurlands:

- a) Endurnýjun menningarsamnings Austurlands. Formaður sagði frá fundi sem haldinn var í mennta- og menningarmálaráðuneytinu 13. desember sl. um endurnýjun menningarsamninga. Formaður fór yfir bréf sem hann ásamt menningarfulltrúa sendu þingmönnum Norðausturkjördæmis þar sem farið var yfir sjónarmið Austurlands varðandi endurnýjun menningarsamnings Austurlands. Fulltrúa sveitarstjórnarmála falið, í samráði við framkvæmdastjóra Eyþings, að fá fund með þingmönnum kjördæmisins sem fyrst vegna málsins.



4. **Almennings­samgöngur:**

- a) Breytingar á leið 56. Framkvæmdaráð gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem gerðar eru á akstri leiðar 56 sem kom fram í tölvupósti frá Eyþingi 17. desember sl. Breytingin felur það í sér að akstur leiðar 56 hefjist að morgni frá Akureyri í stað Egilsstaða, þar sem verktakinn getur ekki verið með bílstjóra í fullu starfi á Egilsstöðum.
- b) Viðbrögð við dómi Hæstaréttar. Formanni falið að vinna frekar í málinu.

5. **Önnur mál:**

- a) Kynnt voru drög að samstarfssamningi milli Austurbrúar og SSA um skrifstofuhald og umsjón verkefna SSA innan Austurbrúar. Farið var yfir samninginn og gerða ákveðnar breytingar á honum.
- b) Staða helstu mála og áherslur SSA 2014. Farið var yfir mál sem vinna þarf að á næstu misserum.
- c) Næsti stjórnarfundur SSA verður haldinn 4. febrúar á Egilsstöðum.

Fundi slitið kl. 20:00

Ólafur Áki Ragnarsson,